

# Í leit að stöðugleika

## Uppgangstímar og erfiðleikaskeið



Breiðdalsvík 1989. Andey, Hafnarey og Sandafell við bryggju.

### Rofar til á ný í veiðum og vinnslu

Nýtt frystihús var vígt 1978 og nauðsynlegt var að auka hráefnisframboð. Hraðfrystihús Breiðdælinga kaupir því bátana Andey og Hafnarey, og Drifa SU kemur til Breiðdalsvíkur í eigu samnefnds félags. Árið 1977 hófst síldarsöltun í fyrsta sinn frá 1967 og árið 1984 var farið að vinna rækju á Breiðdalsvík, veiddi Sandafell til vinnslunnar.

Togaraúterð hófst á nýjan leik frá Breiðdalsvík. Hafnarey SU 110 kom til Breiðdalsvíkur árið 1983 og loksins hvarf atvinnuleysið – enn bættist síðan við togaraflota þorspins árið 1989 þegar frystitogarinn Andey SU 210 kom glænýr til Breiðdalsvíkur frá Póllandi.



Nýja sláturhúsið nýbyggt 1978.

### Nýtt sláturhús

Nýtt sláturhús var tekið í gagnið 1978, neðst á kaupstaðarlóðinni. Var það afar fullkomnið og nýtskulegt og afkastagetan um 600 fjár á dag. Næstu ár var slátrað úr Breiðdal og nærsveitum, en brátt færðist slátrun af enn stærra svæði hingað. Snemma á nýju öldinni höfðu aðstæður hins vegar breyst, bæði fóru í hönd grimmilegir hagræðingartímar og eins hafði sauðfé á svæðinu fækkað mikið, m.a. vegna riðuveiki. Að lokum fór svo að slátrun lagðist af á Breiðdalsvík.



Frá kaffisamsæti vegna vígslu nýs sláturhúss. Fyrri mynd: Ingólfur Reimarrson Innri Kleif, Guðmundur Gíslason kaupfélagsstjóri, Herdis Erlingsdóttir og Sigurður Lárusson Gílsá, og Stefán Magnússon Skriðu. Seinni mynd: Pétur Sigurðsson flytur ræðu.



Fyrsta haustið í nýju húsi. Fyrri mynd: Ómar Gunnarsson Núpi og Stefán Eðvald Stefánsson Skriðu á taliunni. Seinni mynd: Stefán Magnússon sláturhússtjóri og Sigmar Pétursson



Andey við gömlu bryggju og Hafnarey við þá nýju.

### Kvótinn kvaddur

Á áttunda og níunda áratug liðinnar aldar var grettistaki lyft í verndun auðlindarinnar í hafinu, fiskveiðilandhelgin var færð út í 50 sjómílar 1972 og 200 mílar 1975. Árið 1983 var komið á kvótakerfi til að vernda mikilvægustu fiskistofnana. Þetta ásamt gríðarlegum fjárfestingum í skipakosti og landvinnslu varð undirstaða velferðar þjóðarinnar. En sjálfstjórnin, veiðiheildin (kvótinn), varð eftirsótt og komst smátt og smátt á færri hendur.

Síðla árs 1990 sáu íbúar Breiðdalsvíkur á bak Andeynna og opinberir sjóðir beittu sér fyrir sameiningu hraðfrystihúsanna á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík undir nafni Gunnarstinds hf. Þetta var umdeilt í báðum byggðarlögum og árið 1995 keypti Búlandstindur á Djúpavogi eignir Gunnarstinds á Breiðdalsvík en Hafnareyinn var þá seld og – kvótinn með.

### Útgerðarfélag Breiðdælinga

Flestir urðu íbúar Breiðdalshrepps rétt tæplega 400. Eftir 1990 fór þeim að fækka smám saman og stendur sú fækkun bersýnilega í beinum tengslum við samdrátt og hagræðingu í útgerð og vinnslu sjávarafila og í landbúnaði.

Búlandstindur á Djúpavogi starfrækti vinnslu á Breiðdalsvík um fjögurra ára skeið eftir að togarinn Hafnarey hafði verið seldur burt. En árið 1999 stofnuðu Breiðdalshreppur og fleiri aðilar Útgerðarfélag Breiðdælinga til að kaupa eignir Búlandstinds á staðnum. Rak félagið síðan útgerð og vinnslu á Breiðdalsvík allt til ársins 2005.

### Er Breiðdalsvík Sviðinsvík?

„Þegar atvinnuleysi svarfað þeim Sviðinsvíkingum [í Heimsljósi Halldórs Laxness] og þeir stofnuðu Erfiðismannafélag, stofnaði Pétur Þríhross Félag Samra Íslendinga. Árið 1999 er svo komið víðum land að mönnum eru bannaðar allar þjargar til sjávarins af völdum Stjórnar Samra Íslendinga. Nýjustu fréttirnar eru frá Breiðdalsvík, þar sem skorið hefir verið á lífæðina. ... Þegar Breiðdælingar gengu til sameiningar við Djúpavogsmenn var þeim lofað að fiskvinnslu yrði haldið uppi á Breiðdalsvík, en vakna svo upp við að Grindvíkingar ráða lögum og lofum í fyrirtækinu. Loforðið, sem þeim var gefið, virðist hafa lent milli þils og veggjar í þeim viðskiptum. ... Júel Júel Júel hjá Laxness gaf líka kosningaloforð – og hélt þau fram að kosningum. Hið sama mun verða uppi á teningnum á Breiðdalsvík. Og þá kann að renna upp sá dagur, að málefni Breiðdalsvíkur beri á göma á æðstu stöðum og einhver hlassadrottningin spyrji yfir kókúðiskum í Ráðherrabústaðnum: Hversvegna borða ekki Breiðdælingar setabrauð?“

Sverrir Hermannsson: Sannir Íslendingar. Morgunblaðið 12. janúar 1999.



Frétt úr Morgunblaðinu 11. mars 1983 frá afhendingu Hafnareyjar SU 110.

### Verbúðarlíf

Gamla kaupfélaginu var breytt í verbúð laust eftir 1970 og bætti þá úr brýnni þörf. Herbergi voru innréttuð á efri hæð en matsalur og eldhús niðri. Fjölmargir áttu athvarf um lengri eða skemmri tíma, og vistin var sjálfsgagt ýmist góð eða slæm eftir atvikum. Þar var einn skálað fyrir betri tímum, gátur lífsins brotnar til mergjar og aðkallandi þjóðfélagsmál krufin við matborðið – þar slógu hjörtun oftlega örar, ástir kviknuðu... og dóu – en einnig voru heit strengd og stofnað til langlífra hjónabanda. Um 1988 urðu enn þáttaskil, verbúðarlíf lagðist af og stóð Gamla kaupfélagið lengi autt og virtist eiga fátt annað fyrir höndum en að verða tímans tönn að bráð.



Breiðdalsvík 1. desember 1987.

